**Nd.** **451. Frumvarp**

til laga um viðauka við og breytingar á lögum nr. 83, 14. nóv. 1917, um breytingar og viðauka við lög nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

Í stað orðanna í 2. gr. »Til Snæfjalla ... að Höfn á Hornströndum« komi:

Loftskeytasamband milli Ísafjarðar og Hesteyrar, þaðan landsímalína að Látrum í Aðalvík; enn fremur land- og sæsími frá Ísafirði um Ögur til Snæfjallastrandar og þaðan að Ármúla og Grunnavík.

Aftan við greinina bætist:

Einnig lína frá Blönduósi að Bólstaðarhlið, með stöð í Langadal og Svínadal; frá Sauðárkróki að Víðimýri og Silfrastöðum, með stöð á Stóru-Ökrum og í Lýtingsstaðahreppi. Lína úr Glæsibæjarhreppi í Eyjafirði í Skriðuhrepp; lína frá Akureyri inn Eyjafjörð, með stöð í Öngulsstaðahreppi. Lína

að Brekku i Fljótsdal; lína frá Svignaskarði að Stafholtsey. Lina til Skógarness og lína frá Patrekshreppi til Saurbæjar og Breiðuvíkur í Rauðasandshreppi.